

Breytingin felst í því að byggingarreitur fyrir vestasta flugskýlið á Tungubökkum er stækkaður og færður til suðurs, legu aðkomuvegar breytt, reiðgata norðan aðkomuvegar er færð inn, lengd varaflugbrautar (öryggissvæðis) er leiðrétt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 8. janúar 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar
sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2002 vera 570.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks
við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna: „31. desember 2001“ í B. lið 2. gr. komi: 1. ágúst 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegráðuneytinu, 11. janúar 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.